

Ágætu lesendur

Nú er Verðlagsárið 2007/2008 liðið og í ljós kemur að innvigtun hjá mjólkursamlögnum hefur aldrei verið meiri eða 124.954.730 lítrar sem er 1,08% aukning frá árinu 2006/2007. Sala á verðlagsárinu hafði aukist um 1,75% á próteingrunni og um 3,22% á fitugrunni. Þessar tölur allar segja okkur það að góður gangur er í íslenski mjólkurframleiðslu

Verðlagsmál almennt og eins verðlagsmál mjólkuriðnaðarins hafa verið mjög til umræðu undanfarið.

Ljóst er að sú staða sem upp er komin, þ.e. að verðbreytingar á aðföngum, orku o.fl. hafa ekki fengist bornar uppi í verðlagningunni og er það algjörlega óviðunandi.

Griðarlegar hækkanir hafa orðið frá því í mars þegar síðast var verðlagt. Hvort tveggja er, að hækkanir eru miklar og eins vega breytingar á genginu mjög þungt. Þetta á að sjálfsögðu við bæði um aðföng til framleiðenda og mjólkuriðnaðarins.

Niðurstaða þarf að fást í umræðu um verðbreytingar sem allra fyrst annað er óviðunandi og stefnir öllum okkar rekstri í óvissu.

Í síðasta tölublaði S.I. (Samtaka iðnaðarins) skrifar framkvæmdastjóriinn leiðara sem ber yfirskriftina „Leit að leiðarsteini“ kemur fram meðal annars

eftirfarandi upptalning og undirstrikar þá alvarlegu stöðu sem uppi er.


- „Stýrivextir Seðlabanka Íslands eru 15,5%
- Dráttarvextir eru 26,5%
- Verðbólga er 13,6% og vaxandi
- Aukning Vanskila fyrirtækja milli fyrsta og annars ársfjórungs er 127%
- Samdráttur á umsvifum á fasteignamarkaði á einu ári er 64%
- Evran kostaði 91 krónu í desember en nú um 123 krónur. Hækkun um 35%
- Aðgangur að lánsfé er takmarkaður
- Atvinnuleysi fer vaxandi
- Gjaldþrotum fjölga
- Kaupmáttur rýrnar
- Forsendur nýlegra kjarasamninga eru greinilega brostnar
- Samkeppnishæfni Íslands versnar.

Þetta getur tæplega talist viðunandi staða þegar samkeppnisstaða Íslands er metin“.

—

Að allt öðru. Heilsa og næring eru málefni sem eru mjög til umræðu hjá okkur.

Umræðan á liðnum vetri var ein-kennileg og full af rangfærslum, sem komu aðallega fram í því, að haldið var á lofti þeirri firru að mjólkuriðnaðurinn væri „sykurdólgur“ í samfélaginu. Staðreyndin er allt önnur, Mjólkuriðnaðurinn flytur inn u.þ.b. 3% af þeim



sykri sem fluttur er til landsins og 4-5% af sykurneyslu landsmanna kemur frá mjólkuriðnaðinum.

Sett var á markað ný vara í sumar „Krakkaskyr“ sem er með minni sykri og engum sætuefnum, önnur vara er á leiðinni sem fellur að þessu sama. Þetta ætti að undirstrika vel þau vinnubrögð okkar að bregðast við breyttum viðhorfum og lífsstíl fólks.

Fitu-umræðan og þær breytingar og aðlaganir sem mjólkuriðnaðurinn hefur gert á sínu vörurvali verður ekki rifjað upp hér, en er til marks um að mjólkuriðnaðurinn hefur frumkvæði að því að aðlagast breyttum viðhorfum.

Kveðja,
Magnús

Mygluostagerð MS Búðardal

„Ostur er veislukostur“ er slagorð sem flest okkar kannast við.

Tólftha ágúst var tekin í notkun ný mygluostagerð í Búðardal. Ástæða þessa er sameining mygluostagerðar á einn stað innan Mjólkursamsölunar ehf.

Undirbúningur hefur staðið frá vori 2005 þegar Mjólkursamsalan og Mjólkurbú Flóamanna sameinuðust, en þá var ákveðið að allir mygluostar yrðu framleiddir í Búðardal. Síðar var ákveðið að Gráðaaostaframleiðslan á Akureyri muni einnig flytjast til Búðardals. Með breytingunum mun ársverkem við framleiðsluna fækka og framleiðslukostnaður lækka.

Í janúar 2008 voru pöntuð tæki og búnaður frá Þýska fyrirtækinu Alpma. Alpma er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á tækjabúnaði fyrir framleiðslu á ostum, sérstaklega mjólkum ostum eins og mygluostum. En Alpma framleiðir ekki bara tæki til ostagerðar, þeir eru líka stórir í framleiðslu á osti í Þýskalandi í eigin mjólkurbú.

Þann 22. mars 2008 var síðasti Gouda osturinn lagaður í MS Búðardal. Gouda ostagerð hafði þá staðið yfir í tæp 31 ár. Mjólkursamlagið Búðardal lagaði sinn fyrsta Gouda ost 07.07.1977.

Mygluostaframleiðslan í Búðardal var flutt í mabundið til MS Selfoss á meðan að breytingar á húsnæði stóðu yfir. Eftir að Gouda framleiðslu var hætt hófst tæming á osti úr húsinu ásamt niðurtöku vélbúnaðar vegna framleiðslunnar. Allt var tæmt út nema ostatankurinn. Framleiðslugeta ostatanksins er 10.000 ltr af mjólk og verður hann áfram notaður fyrir framleiðslu á Feta-osti.

Síðan í byrjun júní hefur verið unnið að uppsetningu vélbúnaðar, lagna ofl. Að hluta til er notaður búnaður sem var til á Selfossi og Búðardal, en meginhluti búnaðarins er nýr.

Fyrsta framleiðslan í nýjum tækjabúnaði MS Búðardal var þriðjudaginn 12. ágúst, síðan þá hefur framleiðslan aukist jafnt og þétt.



Þessa dagana er verið að ljúka uppsetningu á loftræsikerfi og ýmsum stýringum til ostagerðarinnar, sem mun auðvelda og léttu vinnu.


Nú þegar að þetta er skrifað hefur ostagerðin verið í vinnslu í einn mánuð. Það samdóma álit allra sem komið hafa að þessu verki að vel hafi tekist til. Margt er þó eftir eins og gengur og gerist í svona stóru verki t.d. fínnesringum og frágangi. Vonir standa til það klárast eins fljótt og auðið er.

Að lokum vil ég þakka stjórnendum Mjólkursamsölunar, hönnuðum, verktökum, ráðgjöfum, starfsfólki MS Selfossi ásamt öllu starfsfólki MS Búðardal fyrir þolinmæði og hjálpssemi í umstanginu sem svona breytingar hafa.

Með osta kveðju.

Sævar Hjaltason

Mjólkurbústjóri, MS Búðardal



Bændakynning

Nafn:

Valdimar Ingólfsson, 42 ára.

Með því breyttist mikið aðstaða bæði fyrir menn og kýr.

Bú:

Grænahraun í Hornafirði. Lagt inn í MS á Selfossi.

Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag?

Ég tel að sóknarfæri séu í aukinni ræktun, eins og korns og annars heimaafλαðs fóðurs.

Heimilishagir:

Kvæntur Aðalheiði Fanneyju Björnsdóttir og við eigum þrjú börn, Björgvin Inga 8 ára, Birnu Rós 6 ára og Birki Guðna 1 árs.

Hvar kreppir skórin í búskapnum?

Það má segja að hátt verð á aðföngum sé kannski helst það sem bændur hafa ástæðu til óttast og það að afurðaverð hefur ekki verið að hækka í samræmi við það.

Búskapur:

Mjólkur- og eggjaframleiðsla, kartöflu-, rófnar- og kornrækt.

Hvenær hófstu búskap?

Í byrjun árs 2000 formlega, en hef þó verið viðriðinn hann alla tíð.

Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap?

Við höfum stækkað búið heilmikið, byggt lausagöngufjós með tandembás.

Framtíðaráform þín:

Halda áfram að stunda þann búskap sem stundaður er í dag.

Góð ráð til MS og Auðhmu:

Að mörgu leyti er ágætt að eiga viðskipti við MS og ég hef ekkert undan því að kvarta í sjálfa sér. Það hlýtur þó að vera kappsmál mjólkurframleiðenda



að úflutningurinn fari að skila þeim viðunandi verðum. Eins og staðan er í dag þá er enginn grundvöllur fyrir framleiðslu á umframjólki og eru það viss vonbrigði. Ráð mín til þeirra er að þeir gefi fyrir út áætlanir sínar varðandi greiðslur fyrir umframjólki á nýbyrjuðu kvótaári, til að framleiðendur geti hagað framleiðslu sinni eftir því.

Nýr KEA skyrdrykkur á markað

Ný vörflokkur er kominn á markað frá Mjólkursamsölunni. Um er að ræða KEA skyrdrykk sem inniheldur náttúrulegan agavesafa í stað viðbættis hvíts sykurs og sætuefna.



Jafnframt því að innihalda hvorki hvítan sykur né sætuefni hefur KEA skyrdrykkur meira magn ávaxta en aðrir sambærilegir drykkir en ávaxtainnihald í KEA skyrdrykk er allt að 10% samanborið við 3-5% í öðrum drykkjum. KEA skyrdrykkur inniheldur enn fremur meira magn mysupróteina en sambærilegar afurðir. KEA skyrdrykkur er í 250 ml dósum og fæst í þremur bragðtegundum: með jarðarberjum og bönum; með hindberjum og trönuberjum; og með papaja, ferskjum og ástaraldinum.


Samanburður á frumutölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:
Bjarni Ragnar Brynjólfsson, bjarni@sam.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumla og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum í ágúst 2008

Júní	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Sala ltr/kg 2007	Sala ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	%
1. Ferskvörur	621.840	680.447	58.607	9,4%	4.480.834	4.218.353	-262.481	-5,86%
2. Östar og smjörvörur	455.043	505.514	50.471	11,1%	669.036	614.316	-54.720	-8,18%
Samtals:	1.076.883	1.185.961	109.078	10,1%				

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2007-2008

Landið september-ágúst:	2007-2008	2006-2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	124.954.545	123.625.075	1.329.470	1,08%
Greiðslumark	117.000.000	116.000.000	1.000.000	0,86%
Nýting greiðslumarks	106,80%	106,57%		
Landið janúar-júní:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	86.933.954	86.795.191	138.763	0,16%

Vikunnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
33	2.326.035	2.303.764	22.271	0,97%
34	2.308.598	2.288.512	20.086	0,88%
35	2.269.877	2.276.748	-6.871	-0,30%
36	2.242.062	2.227.130	14.932	0,67%
37	2.236.810	2.191.102	45.708	2,09%
Samtals:	11.383.382	11.287.256	96.126	0,85%

Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/07/08 - 4/07/08	4,16	3,29	2,55	0,6	6,7	-0,545	16	289	270	2.778
1/08/08 - 4/08/09	4,05	3,34	2,58	0,6	7,1	-0,544	16	285	267	2.774

Líftala í þúsundum hjá MS

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu						
Mánuður	0-40	0-75	0-100	101-150	151-200	yfir 200
Júlí	88,28	95,37	98,73	0,25	0,57	0,44
Ágúst	88,21	95,67	99,42	0,32	0,11	0,14

Auðhumla – fulltrúaráðsfundur – 7. nóvember 2008

Hefðbundinn haustfundur fulltrúaráðs Auðhumla svf verður haldinn föstudaginn 7. nóvember næstkomandi á Hótel Loftleiðum. Fundurinn hefst með léttum hádegisverði kl 12:00 og dagskrá í framhaldi af honum. Formlegt fundarboð ásamt dagskrá verður sent fulltrúum deilda Auðhumla viku fyrir fundinn. Nánari upplýsingar gefur Gunnar Jónsson í síma 569-2205.